

Fundur stjórnar Markaðsstofu Norðurlands

kl. 17:30 þriðjudaginn 14. júní 2022, Teams fundur

Mættir stjórnarmenn: Viggó Jónsson formaður og Örn Arnarson. Guðmundur Þór Birgisson, Sigrún Hulda Sigmundsdóttir og Álfhildur Leifsdóttir voru á fjarfundi. Steinunn Heba Finnsdóttir, Tómas Árdal og Þorbjörg Jóhannsdóttir varamenn boðuðu forföll.

Starfsmenn: Arnheiður Jóhannsdóttir framkvæmdastjóri og Halldór Óli Kjartansson verkefnastjóri.

Formaður setti fund og fól framkvæmdastjóra að ganga til dagskrár.

Dagskrá

Staða verkefna og staðan á svæðinu.

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðuna.

Dreifing á nýju korti sem inniheldur Norðurstrandarleið og Demantshringinn. Villa var á kortinu og hefur hún verið löguð fyrir seinni prentun sem er í vinnslu. Norðurlandskortid sem er í nýju broti fer mjög vel og gefa þarf út seinna upplag á næstu vikum.

Atvinnuauglýsing - Auglýst var eftir starfsmanni 13.06.2022 í áfangastaðapróun.

Búið að opna upplýsingamiðstöð á Akureyri og gengur vel.

Magnús Hlynur blaðamaður er á ferðinni og var meðal annars á prjónagleði um helgina. Hann fer víða um Norðurland.

Ljósmyndari er við störf fyrir MN og tekur meðal annars myndir af fjöllum og vinsælum gönguleiðum.

Blaðamannaferðir/FAM ferðir frá Danmörku og Bretlandi gengu vel. Fyrstu greinar eru að birtast á þessum mörkuðum og hafa hátt í 100 nýir pakkar farið í sölu þar sem flogið er beint á Norðurland. Móttaka í Danska sendiráðinu gekk vel, mæting var góð og reiknum með að ná enn betri mætingu á næsta viðburð.

Greining á mörkuðum með ráðgjafafyrirtæki er komin á veg og er hún leitarmiðuð með áherslu á okkar helstu samkeppnismarkaði.

Birdfair- Sýning er með breyttu sniði frá því sem var. Búið er að færa sýninguna í tíma og rúmi ásamt því að nafnið er núna Global Birdfair. Góð þátttaka er núna á sýningunni en alls eru 8 einstaklingar að taka þátt ásamt MN.

Fundur Ferðamálaráðherra er á næsta leiti með MAS og þá verður rætt aðkoma MAS í ferðatengdum verkefnum.

Askja lokun - Vegagerðin hefur ákveðið að opna ekki Öskjuleið í takti við samkomulag sem var gert 2017. Þetta þýðir að ferðirnar eru þá ekki á dagskrá og tekjutap mikið.

Stjórn felur framkvæmdastjóra að ná samtali við yfirvöld um opnun Öskjuveggar.

Framkvæmdastjóri ræðir lista sem Ferðamálastofa óskaði eftir. Listinn inniheldur þá staði sem eru aðdráttarafli og eru í eigu eða umsjá einkaaðila. Þessi listi er lengri en alla grunaði. Þetta getur haft áhrif á framtíðarhorfur og aðstæður til ferðapjónustu. Mikilvægt er að halda því til haga hvaða máli þessir staðir og aðstæður skipta miklu máli.

Fundur ræddi almennt góða stöðu í sumar og út í haustið hvað varðar bókunarstöðu í gistingu. Starfsmannamál eru ennþá nokkuð erfið á mörgum stöðum.

Flugmál

Verkefni flugklasans eru mörg þessa dagana og ganga vel.

Skipaður hefur verið nýr formaður flugþróunarsjóðs ásamt því einhver endurnýjun er í stjórn hans.

Fjármagn í flugþróunarsjóð, sjóðurinn er farinn að minnka og mikilvægt að stækka hann.

Niceair er ennþá að vinna að upplýsingum varðandi hvað olli því að ferðir til og frá UK voru stöðvaðar.

Mikilvægt að horfa til innviða framtíðarinnar.

Önnur mál

Fara yfir hvaða tímasetningar stjórnarfunda henta best. Horft verður til þess að færa fundi yfir á miðvikudaga.

Álfhildur tilkynnti stjórn að breytinga væri að vænta í stjórn SSSV sem gerir það að verkum að nýr aðili taki við sæti í stjórn MN. Formaður og aðrir stjórnarmenn þökkuðu fyrir samstarfið.

Fleira ekki rætt og formaður sleit fundi kl. 19:10.

Fundarritari HÓK.